

Reykjavík, 20. febrúar 2018

## Kæru félagsmenn FÍN

Hér með er boðað til félagsfundar þann **1. mars nk. kl. 14:00 að Borgartúni 6, 3. hæð**. Á dagskrá er hin alvarlega staða sem upp er komin í kjaraviðræðum FÍN við ríkið. Þeir félagsmenn sem komast ekki til fundarins en vilja taka þátt í gegnum fjarfundarbúnað eru beðnir að hafa samband við okkur í gegnum netfangið [fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is).

Félagsmenn eru einnig upplýstir um það að **stjórn FÍN birti í dag, 20. febrúar 2018, auglýsingu í Fréttablaðinu** sem hljóðar svo:

Reykjavík, 20. febrúar 2018

Félag íslenskra náttúrufræðinga  
Borgartúni 6  
105 Reykjavík  
sími: 595 5175  
[fin@bhm.is](mailto:fin@bhm.is)  
[www.fin.is](http://www.fin.is)

Til ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur  
Frá FÍN - Félagi íslenskra náttúrufræðinga

# TAKK FYRIR EKKERT!

Þrátt fyrir loforð um bætt vinnubrögð, hástemmdar yfirlýsingar um samvinnu og samtöl á vinnumarkaði, hefur ekkert gerst á þeim sex mánuðum sem liðin eru frá því að viðræður FÍN við samninganefnd ríkisins um nýjan kjarasamning hófust. Líklega er samt of djúpt í árinna tekið að tala um viðræður þar sem samninganefnd ríkisins hefur aldrei viljað ræða efnislega neinar kröfur FÍN og þeim ætíð hafnað án umræðu. Samninganefnd ríkisins hefur aðeins ýtt yfir samningaborðið til okkar afleitum tilboðum sem mæta ekki á nokkurn hátt kröfum félagsins.

*Á sex mánaða afmæli árangurslausra samningafunda, þar sem aldrei hefur verið boðið upp á eiginlegar samningaviðræður, verðum við því hreinlega að segja:  
**Takk fyrir ekkert!***

Vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem ríkir í kjaraviðræðum félagsins og ríkisins boðar FÍN til félagsfundar þann 1. mars n.k., kl. 14:00, að Borgartúni 6, 3. hæð. Boðið verður upp á kaffi og tímamótatertu. Allir félagsmenn FÍN sem starfa hjá ríkinu eru hvattir til að fjölmenna til fundarins.

Stjórn FÍN

Eins og fram kemur í auglýsingunni þá hefur ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur haft uppi loforð um bætt vinnubrögð, hástemmdar yfirlýsingar um samvinnu og samtöl á vinnumarkaði. Stjórn félagsins hefur ekki fengið efnislegar umræður um kröfur félagsins í viðræðum sínum við samninganefnd ríkisins (SNR) og SNR hefur sett félaginu afarkosti oftari en einu sinni. Félagið lítur ekki svo á að um sé að ræða eiginlegar kjaraviðræður þar sem SNR hefur hafnað viðræðum um kröfur félagsins án umræðu og hefur ekki sýnt okkur þá virðingu að ræða efnislega okkar tillögur. SNR hefur aðeins ýtt yfir samningaborðið til okkar afleitum tilboðum sem mæta ekki á nokkurn hátt kröfum félagsins. Stjórn FÍN líður ekki slíkt ofbeldi í garð samninganefndar félagsins og þess vegna sendir stjórn félagsins ríkisstjórninni þessi skilaboð, „**Takk fyrir ekkert!**“.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs kemur fram að óvenjulegar aðstæður kalli á breytt vinnubrögð, opnari stjórnsýslu, gagnsæi og virðingu gagnvart verkefnum. Ríkisstjórnin leggur áherslu á fjölbreytt atvinnulíf og að Ísland búi sig undir að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum og að þeim muni fylgja nýjar kröfur um menntun og hæfni starfsfólks og að til staðar sé umhverfi sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum, þ.m.t. hjá hinu opinbera og í rótgrónum greinum. Fram kemur að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir samstilltu átaki með aðilum vinnumarkaðarins til að tryggja að kjarasamningar skili launafólki og samfélaginu raunverulegum ávinningi. Að sátt á vinnumarkaði er nauðsynleg forsenda þess að stuðla að stöðugu verðlagi og jafnvægi og skapa þannig efnahagsleg skilyrði til lægra vaxtastigs og bættra lífskjara. Ríkisstjórnin vill vinna með aðilum vinnumarkaðarins að ábyrgum vinnumarkaði. Félagið telur að annað hvort séu þessar hástemmdu yfirlýsingar innihaldslausar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar eða að SNR sé ekki að nálgast samningaviðræður við FÍN í samræmi við áherslur ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. **Stjórn FÍN getur ekki séð að SNR nálgist samningaviðræðurnar með virðingu fyrir því verkefni sem þeim er falið.**

Eins og undanfarna áratugi veitir fjármálaráðherra SNR umboð til að gera kjarasamninga fyrir sína hönd, en ég leyfi mér að draga það í efa að SNR sé að vinna á jafn faglegan hátt og fjármálaráðherra hefur gengið út frá þegar hann framseldi vald sitt til samningagerðar til samninganefndar ríkisins sé horft til stjórnarsáttmálans. Fjármálaráðherra er sá aðili sem við erum að semja við, en SNR sér um samningaviðræðurnar við okkur í umboði hans. Fjármálaráðherra getur því ekki varpað ábyrgð sinni á samningaviðræðunum til SNR. Fjármálaráðherra ber ábyrgð á að SNR fari eftir skipunum hans og honum ber einnig að hafa eftirlit með störfum SNR. **Stjórn FÍN getur ekki séð að SNR sé hæf til að sinna þessu verkefni sem fjármálaráðherra hefur falið henni.**

Félagið mun því á næstu dögum óska eftir samtali við forsætisráðherra og fjármálaráðherra til að fara yfir stöðu viðræðna FÍN og SNR.

**Formaður FÍN mun fara yfir stöðu viðræðna FÍN og SNR á félagsfundinum og því eru félagsmenn sem starfa hjá ríkinu sérstaklega hvattir til að mæta til fundarins.**

Virðingarfyllst,



Marianna H. Helgadóttir

formaður FÍN